

5. bekkur**Námsgrein: Leiklist****Kennari: Guðný Kristjánsdóttir****Tímafjöldi: 1 kennslustundir á viku allan veturinn.****Menntagildi námsgreinar:**

Allir geta eitthvað, enginn getur allt..... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarförum, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, móturn og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Leiklist.	<ul style="list-style-type: none"> • Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknum • Sýnt skófafélögum tillitssemi. • Sett saman einfalda leikþætti með hópnum. • Tekið þátt í spuna. • Notað búninga, leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína. • Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi. • Farið eftir fyrirmælum kennara 	<p>Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að vera áhorfandi.</p> <p>Nemendur fá að kynnast leikmunum</p>	<p>Námsmat er í formi umsagnar. Tekið er mið af hæfniviðmiðum og eftirfarandi lykilhæfnipáttum:</p>

		<p>og búningum.</p> <p>Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal.</p>	

Kennslugögn: Kennsluefni frá kennara.